

Upplýsingar um grenndarstöðvar og fleira

í tölvubréfi 26. ágúst frá oddvita GOGG til stjórna frístundahúsafélaga varðandi

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita er byggðasamlag sveitarfélaganna Grímsnes- og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps. Samlagið hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa auk annarra verkefna sem varða umhverfis- og tæknimál í tilteknum sveitarfélögum. Á [facebook síðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita](#) má finna ýmsa fróðleiksmola sem gott er að vita t.d. um **öryggisnúmer frístundahúsa** en sumir virðast halda að þau skuli staðsetja við afleggjara frístundahúsa eða við hlið til að björgunaraðilar geti séð þau frá vegi. Tilgangurinn er alls ekki sá - heldur eru öryggisnúmer frístundahúsa öryggistæki fyrir sumarhúsaeygendurnar sjálfa eða gesti þeirra, til að gefa björgunaraðilum upp ef slys verður eða önnur vá kemur upp. Fólk sem er stadd í sumarhúsum þarf í neyð að geta fundið þetta númer hratt og vel til að geta gefið það upp neyðarvörðum Neyðarlínunnar - 112. Með því að fá uppgefið þetta númer fá neyðarverðirnir nákvæm GPS hnit á sumarhúsið og geta þar með vísað viðbragðsaðilum leið á staðinn með mjög nákvæmum hætti.

Grenndarstöðvar

Við höfum nú bætt við einni enn grenndarstöð í sveitarfélaginu og eru þær því orðnar 5 talsins: Hjá Skátunum á Úlfjótuvatni – Til móts við bæinn Ásgarð – í Hraunborgum – Við Vaðnesveg – Við Torfastaði. Það eru einnig komnir upp gámar á Seyðishólum en verið er að finna stað til framtíðar á því svæði og er sú stöð því enn tengd gámasvæðinu. Á korti má sjá hvar grenndarstöðvarnar eru staðsettar:



Aftast í skjalinu eru upplýsingar um hvað má fara í gámana á grenndarstöðunum. Á hverri grenndarstöð er hægt að henda eftirtöldum flokkum: Plast - pappa - málmum - gleri - lífrænum úrgangi - almennu heimilisorpi - skilaskildum umbúðum. Annað skal fara með á Gámastöðina Seyðishólum. Nýjasta grenndarstöðin er fyrir neðan bæinn Torfastaði og til að komast að henni er beygt inn á afleggjarann hjá Alviðru og sá vegur keyrður í tæpa 1,5 km og þá er grenndarstöðin á vinstri hönd.

Heimilissorpgámar í frístundahúshverfum

Nú þegar búið er að opna 5 grenndarstöðvar á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu hefur verið ákveðið að fjarlægja heimilissorpgámana í hverfunum. Þar af leiðandi verða allir heimilissorpgámar fjarlægðir úr frístundahverfum í sveitarfélaginu **frá miðjum september** og munu ekki koma aftur. Með þessum aðgerðum vonumst við til þess að flokkun í frístundahúsum muni aukast sem gerir okkur kleift að senda stærri hluta úrgangsins til endurvinnslu. Þannig leggjum við okkar af mörkum til verndar náttúru og umhverfis, svo ekki sé talað um árangurinn þegar litið er til loftlagsmála á alþjóðavísu. Jafnframt vonumst við til að aukin flokkun skili sér í lægri kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu fyrir alla fasteignaeigendur í sveitarfélaginu.

Lífræna tunnan

Til þess að hjálpa fólki að komast af stað í flokkun á lífrænum úrgangi hefur sveitarfélagið, eins og áður hefur komið fram í öðrum tölvupóstum, ákveðið að gefa öllum frístundahúsaegendum sérstök söfnunarílát fyrir úrganginn. Um er að ræða græna 8 lítra körfu með loki sem hentar einstaklega vel að geyma í eldhúsinu. Með körfunum mun svo fylgja ein rúlla af maíspokum, en lífræna úrganginn má einungis setja í jarðgeranlega poka úr maís eða pappa. Pokar eins og þeir sem fylgja með körfunni munu svo koma til með að fást í Versluninni Borg á góðum kjörum. Hægt er að nálgast körfurnar á skrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma milli 9:00 og 15:00 alla virka daga.

*Með bestu kveðju,
Ása Valdís Árnadóttir
Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps
Sími: 480-5500
Netfang: oddviti@gogg.is
Borg, 805 Selfoss*

GRENNÐARSTÖÐVAR

Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI



Á grenndarstöðvum í sveitarfélaginu er hægt að skila eftirtöldum úrgangsflokkum í endurvinnslu:

Gler
Glass



Best er að safna gleri á hverju heimili og fara svo með á grenndarstöðina sem er næst þér.

Málmur
Metal



Best er að safna málmum á hverju heimili og fara svo með á grenndarstöðina sem er næst þér.

Hvað flokkast sem málmur?

Málmilát undan matvöru	Metal cans e.g. soup cans
Málmlok af krukum	Metal jar lids
Úðabrusar	Aerosol spray/dispenser

Lífrænt
Organic



Hvað má fara í tunnuna?

Ávextir og ávaxtahýði	Fruits and peel
Grænmeti og grænmetishýði	Vegetables and peel
Egg og eggjaskurn	Eggs and eggshells
Eldaðir kjöt- og fiskafgangar	Cooked meat and fish leftovers
Mjöl	Grain
Hrisgrjón og pasta	Rice and pasta
Brauð og kökur	Bread and cookies
Kaffikorgur, kaffipokar og tepokar	Coffee grounds and bags and tea bags
Notuð eldhúsbref	Used kitchen rolls
Afskorin blóm og plöntur	Cut flowers and plants

Dósir og flöskur
Bottles and cans



Skilagjaldsskyldar umbúðir
Deposit beverage containers.

Pappír
Paper



Hvað má fara í gáminn?

Dagblöð og tímarit	Newspapers and magazines
Umslög og gluggaumslög	Envelopes with or without windows
Skrifstofupappír	Office papers
Bæklingar	Brochures
Hreinar mjólkurfurnur	Clean milk container
Bylgjupappi	Corrugated cardboard
Gjafapappír	Gift wrapping paper
Eggjabakkar	Eggtrays
Sléttur pappír s.s. morgunkornspakkar	Non corrugated cardboard e.g. cereal boxes, tissue boxes

Plast
Plastics



Hvað má fara í gáminn?

Plastpokar	Plastic bags
Plastbrúsar s.s. hreinsiefni	Detergent plastic emballage
Plastdósir s.s. skyr, is, smurostur	Plastic cups e.g. yogurt cups, icecream containers, spreadable
Plastfilma glær og lituð	Plastic wrappings, clear and coloured
Plastumbúðir s.s. utan af kexi og sælgæti	Plastic wrappings e.g. wrappings from candies and crackers
Plastbakkar	Plastic trays
Plastflöskur s.s. sjampó og sósur	Plastic containers e.g. bottles for shampoo and sauce
Frauðplastumbúðir	Styrofoam containers
Pokar utan af snacki	Snack bags

Rusl
Waste



Hvað má fara í gáminn?

Litaðar serviettur	Stained napkins
Límiðar	Stickers
Einnota hanskar	Disposable gloves
Gúmmihanskar	Rubber gloves
Pennar	Pens
Kveikjarar	Lighters
Tyggjó	Chewing gum
Geisladiskar	Compact discs
Bleyjur	Diapers

Grenndarstöðvar eru við Vaðnesveg, Ásgarð, Úlfjótsvatn, Hraunborgir og Seyðishóla.

Gámastöð er við Seyðishóla. Sjá opnunartíma á www.gogg.is.